

Borgarstjórn Reykjavíkur
7. október 2025

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um íbúðakjarna í uppbyggingaráætlun 2026

Borgarstjórn samþykkir að fjármagna tvo íbúðakjarna fyrir fatlað fólk árið 2026 samkvæmt uppbyggingaráætlun Reykjavíkurborgar. Rekstrarkostnaður þeirra nemur á ársgrundvelli allt að 765 milljónum króna. Gert verði ráð fyrir fjármagni til að taka íbúðakjarnana í notkun í fjárhagsáætlun ársins 2026. Íbúðakjarnarnir verði annars vegar að Nauthólsvegi og hins vegar í endurbættu Jöklaseli. Fjöldi íbúða er 14.